

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um 170
sameiningu 2 þjóðjarða. — Eptir að hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 8. apr.
frá 31. f. m. meðtekið ítarlegri skýringar viðvíkjandi sameiningu umboðsjarðanna Borgar
og Kelduholts í Mýrahreppi í Austur-Skaptafellssýslu vil jeg tjá yður til þóknanlegrar
leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda það, er nú segir:

Í skýrslu umboðsmanns Bjarnanessumboðs frá 25. jan. 1878 er það lagt til, að
goldin verði eptir Borg auk leigna af 1 kúgildi 70 álna landsskuld eptir meðalverði
allra meðalverða, og að landsskuldin af Kelduholti verði 35 álnir, og fjellst hlutaðeigandi
sýslunefnd og amtsráð á þessar tillögur. Í fardögum 1880 losnaði nú Kelduholt úr
byggingu, og með því að það þótti tvísýnt, hvort nokkur fullveðja maður fengist á jörð-
ina; en bóndinn á Borg hafði sózt eptir að fá hana leigða með sinni jörð fyrir 30 álna
eptirgjald, samþykktu þjer, að landsskuldin yrði færð þannig niður, og hefir nú bæði
hreppsnefndin í Mýrahreppi og sýslunefndin í Austur-Skaptafellssýslu lagt það til, að
hinar nefndu jarðir verði sameinaðar fyrir fullt og allt; og leggur hreppsnefndin til, að
landsskuldin af hinni sameinuðu jörð verði 50 álnir; en sýslunefndin stingur upp á 90
álna landsskuld, og tilgreina báðar nefndirnar þá ástæðu fyrir þessari tillögu sinni, að
jarðirnar gangi árlega af sjer sökum jökulhlaupa.

Hin nefnda skýrsla umboðsmannsins sýnir nú, að allar jarðir þær, er í umboð-
inu eru, liggja undir áföllum, og með því, að ekki hafa komið fram áreiðanlegar sann-
anir fyrir því, að jarðir þær, er hjer ræðir um, hafi orðið fyrir meiri skemmdum, en
ráð má fyrir gjöra, get jeg ekki, fyrr en útsjeð er um, að ábúandi geti
fengizt að Kelduholti með leigumála þeim, er áður hefir verið á jörðunni, sbr. ráðgjafa-
brjef 25. maí 1880 (stjórnartíð. s. á. B. 89), samþykkt að leigumálinn verði lækkaður á
þann hátt, sem stungið er upp á. Hinsvegar vil jeg, þar sem það virðist haganlegra
fyrir landssjóðinn, að fá auk kúgildisleigna 70 álna landsskuld af Borg eptir meðalverði
allra meðalverða, en þá landsskuld, sem nú er goldin, og þar sem bæði hreppsnefnd og
sýslunefnd hafa mælt fram með, að jörðin Kelduholt verði lögð undir hana, samþykkja
þetta, ef bóndinn á Borg tekur nýja byggingu á hinni sameinuðu jörð og skuldbindur
sig til að greiða samkvæmt greindum tillögum frá 1878 100 álna landsskuld af hinni
sameinuðu jörð auk leigna af einu kúgildi.

Ef gengið er að þessum kjörum, má fella niður húsín á Kelduholti gegn því,
að andvirði þeirra með ofanálagi verði greitt í umboðssjóðinn; en þyki kjör þessi ekki
aðgengileg, skal sem fyrst auglýsa jörðina Kelduholt til byggingar frá fardögum 1883
samkvæmt fyrirmælum ráðgjafabrjefs 25. maí 1880 (stjórnartíð. B. 89). En það er vita-
skuld, að það verður að sitja við ráðstöfun þá, er þjer hafið gjört á jörðunni til fardaga
1882 eða lengur, ef þörf gjörist.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um 71
sveitarútsvar. — Með brjefi dags. 20. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer er- 14. apr.
indi frá 31. desbr. f. á., þar sem bæjarstjórnin á Ísafirði áfrýjar til landshöfðingja
úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 24. ágúst 1881 um það, hvort frú Karenu, sem er
eiginkona Stefáns sýslumanns Bjarnarsonar, en hefir fjárhag aðskilinn frá manni sínum,
beri að greiða það 20 króna aukútsvar til bæjarsjóðs Ísafjarðar-kaupstaðar, sem henni
var gjört að greiða með niðurfjöfnun fyrir fardagaárið 1879—80. Þjer hafið látið fylgja
endurrit af tjeðum úrskurði yðar, og hin eldri gögn þessa máls. Hafið þjer og tekið